



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

26. nóvember 2013

Mál: Umsögn um skýrslu ráðgjafarhóps um raforkustreng til Evrópu, lögð fram af iðnaðar- og viðskiptaráðherra, 59. mál.

Samtök atvinnulífsins áttu fulltrúa í ráðgjafarhóp sem lagði umrædda skýrslu fyrir iðnaðar- og viðskiptaráðherra í maí síðastliðnum. Samtökin taka undir tillögur ráðgjafarhópsins sem er að finna á blaðsíðum 14 – 15 í skýrslunni og eru þessar helstar (mjög stytta):

1. Að greiningu á þjóðhagslegri hagkvæmni verði fram haldið.
2. Að ráðuneytið eða Orkustofnun greini sviðsmyndir mögulegrar orkuöflunar og virkjanaraðar.
3. Að hafnar verði viðræður við viðeigandi rekstraraðila flutningskerfis í Bretlandi og eftir atvikum bresku orkustofnunina um tengingu flutningskerfanna, viðskiptalíkan og eignarhald sæstrengs.
4. Að ráðuneytið leiti leiða til að afla ofangreindra upplýsinga s.s. með könnunarviðræðum við bresk stjórnvöld á grundvelli viljayfirlýsingar frá 30. maí 2012.
5. Að skilgreina skilaleið auðlindarentu sem myndast kann af raforkusölu um sæstreng til ríkissjóðs, sveitarfélaga, almennings, atvinnulífs og annarra haghafa óháð eignarhaldi á virkjunum, dreifikerfi og umbreytistöð á Íslandi.
6. Að meta áhrif eignarhalds á sæstrengnum m.t.t. afhendingaröryggis raforku innanlands.
7. Að ráðuneytið hefji athugun á því hvaða lögum og reglugerðum þurfi að breyta verði af lagningu raforkustrengs til Evrópu.

Samtök telja að í verkefninu geti hugsanlega falist mikill ábati fyrir íslenskt efnahagslíf, orkufyrirtæki, ríkissjóð og almennung og nauðsynlegt að hvorki verði hægt á rannsókn og undirbúningsathugunum verkefnisins né því hætt.

Samtökin taka því undir að unnið verði áfram að verkefninu samkvæmt leiðum 1) og 2) í formála iðnaðar- og viðskiptaráðherra að skýrslu ráðgjafarhópsins og þá samhlíða að báðum leiðum: „1) Fela starfshópi eða starfshópum að kanna ítarlegar einhverja afmarkaða þætti framkvæmdarinnar. 2) Stjórnvöld hefji formlegar könnunarviðræður við mögulega samningsaðila (bresk stjórnvöld hafa þar helst verið nefnd) um með hvaða hætti sala á íslenskri orku gæti átt sér stað í gegnum sæstreng (lengd samninga, ívilnanir fyrir endurnýjanlega orku, eignarhald o.fl.).“

Virðingarfyllst,


forstöðumaður